

Taktu ferðafélaga með þér í Saga Lounge



Saga Gold félagar, Saga Silver félagar og kreditkorthafar með aðgang að Saga Lounge geta boðið einum gesti með sér í Saga Lounge.

Félagar og korthafar geta greitt fyrir aðganginn með greiðslukorti eða Vildarpunktum. Saga Club félagar þurfa að framvísa Saga Club korti til þess að greiða fyrir heimsóknina með Vildarpunktum. Hægt er að panta nýtt Saga Club kort inni á Saga Club reikningnum þínum á heimasíðu Icelandair.

| Aukagestur | Verð í krónum | Verð í Vildarpunktum |
|--|---------------|----------------------|
| Saga Gold / Saga Silver | 6.900 kr. | 13.800 punktar |
| Saga Gold / Saga Silver – Barn (2–12 ára) | 3.450 kr. | 6.900 punktar |
| Saga Gold / Saga Silver – Ungabarn (0–2 ára) | Frítt | Frítt |
| Kreditkort með aðgang að Saga Lounge | 8.900 kr. | 17.800 punktar |

Skilmálar:

- Kaup á aðgangi fyrir gesti eru háð fjöldatakmörkun í Saga Lounge.
- Starfsfólki Saga Lounge er heimilt að hafna aðgangi aukagesta sé það mat þeirra að húsrúm leyfi ekki aukinn fjölda.
- Tímamörk eru á aðgangi aukagesta. Aukagestur getur komið að hámarki 2½ klst. fyrir brottför flugs.
- Saga Gold félagar, Saga Silver félagar og kreditkorthafar geta aðeins keypt aðgang fyrir einn gest, óháð því hvort hann sé handhafi eins eða fleiri korta sem veita aðgang að Saga Lounge. Saga Silver félögum er þó heimilt að kaupa fyrir fleiri gesti ef gestirnir eru börn félagans og Saga Gold félagar geta tekið öll sín börn með sér án endurgjalds.
- Korthafi og aukagestur þurfa að vera farþegar Icelandair í áætlunar- eða leiguflogi og mæta samtímis í Saga Lounge.
- Ekki er hægt að blanda saman greiðsluleiðum; aðgangur er annað hvort greiddur með krónum eða Vildarpunktum.
- Sé aðgangur greiddur með Vildarpunktum þarf að framvísa Saga Club korti og kreditkortinu samhliða. Sé punktainni-stæða ekki nægjanleg er kreditkort gjaldfært fyrir aðgangi gestsins.
- Kreditkorthafi þarf að framvísa kreditkortinu sínu í afgreiðslu. Ekki er nægjanlegt að sýna kreditkort í síma/wallet/appi.
- Vinsamlegast athugið að ef greitt er með erlendu kreditkortinu er upphæðin skuldfærð í íslenskum krónum.
- Saga Club félagar safna ekki Vildarpunktum fyrir aðgang aukagests.
- Aðeins er hægt að greiða fyrir aðgang aukagests í móttökunni í Saga Lounge, en ekki fyrirfram.